



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ  
Directorate of Health

Alþingi  
Erindi nr. P 140/597  
komudagur 1.12.2011

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 29.11.2011  
111112/0.1.2/HÞ/EG/hp/eg

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um norræna hollustumerkið Skráargatið.  
Mál nr. 22, þskj. 22 á 140. löggjafarþingi 2011–2012.**

Embætti landlæknis styður tillöguna um að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra beiti sér fyrir því að unnt verði að taka upp norræna hollustumerkið Skráargatið á matvörur sem framleiddar eru hérlendis.


Embætti landlæknis (áður Lýðheilsustöð), sem meðal annars hefur því hlutverki að gegna að stuðla að bættu mataræði þjóðarinnar, hefur frá upphafi stutt það að Ísland taki upp samnorrænt hollustumerki, skráargatið, og verði með í frekari þróun á þessu merki. Markmiðið með hollustumerki eins og skráargatinu er að við innkaup geti neytendur á skjótan hátt valið hollar matvörur. Kröfur til matvæla, sem fá merkið, byggja á viðurkenndum atriðum er snerta samhengi næringar og heilsu. Neytendur geta þá treyst því að vara sem ber hollustumerkið sé hollari en aðrar vörur í sama flokki sem ekki uppfylla skilyrði til að bera merkið. Upptaka hollustumerkis er einn liður í því að stuðla að bættu mataræði þjóðarinnar og getur þar með orðið einn liður í baráttunni gegn offitu.


Auk þess að vera upplýsandi fyrir neytendur hvetur slíkt merki matvælafyrirtæki til að þróa hollari vörur. Nú þegar eru fluttar inn vörur til landsins sem bera þetta merki og því ætti það að vera réttlætismál innlendra framleiðenda hollrar matvöru að eiga möguleika á að setja slíkt merki á framleiðslu sína. Merkingin er valfrjáls svo framfarlega sem varan uppfyllir ákveðin skilyrði. Eitt fyrirtæki merkir nú þegar vöru sína með norræna Skráargatinu og fleiri framleiðendur hafa kallað eftir því að fá að nota merkið. Til þess að hollustumerkið skili árangri þarf samstöðu hagsmunaaðila, þ.e. neytenda, verslunar, iðnaðar og stjórnvalda. Ennfremur er mikilvægt að merkið verði kynnt vel við innleiðingu.

Áhugi og umræða um upptöku hollustumerkis hér á landi hefur staðið í nokkur ár. Kannanir hafa sýnt að landsmenn eru jákvæðir í garð hollustumerkja, enda skiptir það neytendur verulegu máli, þar sem það auðveldar þeim holla valið, og hvetur iðnaðinn til þróunar á hollari vörum.

Embætti landlæknis styður því að hollustumerkið Skráargatið verði tekið upp á Íslandi sem allra fyrst.

Virðingarfyllst

  
Hólmfríður Þorgeirsdóttir  
Verkefnisstjóri næringar

  
Elva Gísladóttir  
Verkefnisstjóri næringar